

**Ed.**

**326. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík.

**Frá allsherjarnefnd.**

1. gr.

Ef reglugerð sú, er lög nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík, heimila bæjarstjórninni að setja um húsnæði, húsaleigu m. m., er eigi komin í gildi innan 30. júní 1923, þá skulu lög þessi úr gildi fallin síðarnefndan dag. Þá skulu og lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við tjeð lög, úr gildi feld hinn 30. júní 1924.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð**

fyrir frumvarpi þessu er í framhaldsnefndaráliti um frumvarp til laga um takmörkun á húsaleigu í kaupstöðum landsins.